

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun kornláns.

1872.

14. febrúar.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað stutt yfirlit yfir kornlán það, sem veitt var ýmsum hreppum í suður-umdæmi Íslands, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. septbr. 1861¹⁾, hafið þér í bréfum, dagsettum 12. og 28. nóvbrm. f. á., skýrt frá ráðstöfunum þeim, sem þér hafið gjört, til þess að fá lánið borgað aptur. Af því sèst, að skuldin, sem 1. apríl 1871 var 962 rd. 76 sk. með áföllnum vöxtum, nú á þessu fjárhagsári er orðin 326 rd. 90 sk., og lendir hún á þeim hreppum, sem hér skulu taldir, á þessa leið:

Kjalarnesshreppur er í skuld um 86 rd. 92 sk.

Mosfells — — — — — 198 - 4 -

Akranness — — — — — 8 - 89 -

Leirár og Mela — — — — — 33 - 1 -

og eru þá vextir fyrir þessa hreppa taldir til 30. septbr. 1871. Þó búizt sè við, að mesti hluti af þessari skuld verði borgaður 31. marz. þ. á., samkvæmt ráðstöfunum þeim, sem þér hafið gjört, hafið þér samt látið í ljósi, að þér værið hræddur um, að svo kynni að fara, að þeim tveimur hreppum, sem fyrst voru taldir, mundi ekki takast að borga allt það, sem eptir væri, innan tæðs dags, og hafið þér því farið þess á leit, að hreppar þessir fái umliðun um skuldina til 31. desbrm. 1872.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið finnur ekki næga ástæðu til að veita umliðun um skuld þessa fram yfir 31. dag marzm., sem þér höfðuð tiltekið, — en lánið hefði átt að vera borgað allt við lok ársins 1868 —, og það því síður, sem eigi er tilgreind nein ástæða fyrir slíkri umliðun hreppum þessum til handa; verður því að höfða mál gegn hlutadeigendum til þess skuldin verði borguð, ef það eigi er gjört innan þess tíma, sem nefndur var.

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 512.